

Ed.

30. Breytingartillögur

[6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

1. Á eftir C. 60 komi nýr liður:

Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan, um Vaglaskóg að Lundi.

2. Á eftir C. 63 komi nýr liður:

Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu, á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.

3. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:

a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi.

b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.

4. Liður C. 67 orðist svo:

Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfafljóts, að Halldórsstöðum; með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.